

Kirkjuþing 2020-2021.

9. mál-þskj. 9.

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.

1. gr.

Í stað orðanna „þóknananefndar kirkjunnar“ í 13. gr. starfsreglnanna kemur: biskups Íslands.

2. gr.

14. og 15. gr. starfsreglnanna falla brott, ásamt fyrirsögnum.

II. KAFLI

Breyting á starfsreglum um biskupsstofu nr. 1230/2016.

3. gr.

Orðin „og laga um starfsemi opinberra stofnana“ í 4. mgr. 1. gr. starfsreglnanna falla brott.

4. gr.

2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna.

a. 2. mgr. orðast svo: Biskupsstofa gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun, sem lögð er fram á kirkjuþingi og starfar á grundvelli samþykktra fjárlaga kirkjuþings.

b. Í 3. mgr. falla brott orðin „samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum svo og annarra sjóða“.

6. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Laus störf skulu auglýst á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en 7 dagar frá birtingardegi. Meta skal hverju sinni hvort auglýst séu tíma-bundin störf, allt að 12 mánuði í senn, í forföllum starfsfólks, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið. Starfsfólk getur verið flutt til í starfi án þess að starfið sé auglýst laust til umsóknar. Hið sama á við um ráðningu starfsfólks í vinnu gegn greiðslu tímagjalds.

Biskup ræður presta og annast biskupsstofa starfsmannamál þeirra, þar með talið launagreiðslur, greiðslur starfskostnaðar og önnur starfsmannamál. Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn sviða, fulltrúa og aðra starfsmenn og setur þeim starfslýsingu. Biskup setur nánari reglur um almenn hæfisskilyrði til þess að fá ráðningu í starf hjá biskupsstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa á biskupsstofu einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a. Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b. Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálstræði manna, skv. 24. kafla alm. hgl. nr. 19/1940, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.
- c. Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og hlotið refsidóm á fimm undangengnum árum.

Kallað er eftir vottorði sakaskrár um umsækjanda um starf hvað varðar framangreinda brotaflokka. Ef þurfa þykir er einnig heimilt að óska eftir sakavottorði umsækjanda um starf hjá biskupsstofu vegna annars konar brota. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Sérákvæði í starfsreglum eða samningum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra hópa starfsfólks, skulu haldast.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. starfsreglnanna:

- a. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Biskupsstofa annast umsýslu námsleyfa presta og starfsmanna biskupsstofu.

Biskupsstofa skipuleggur handleiðslu presta og djákna í samvinnu við fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Starfsþjálfun, námsleyfi og handleiðsla.*

8. gr.

Ný 10. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Starfslok.

Fastráðning starfsfólks biskupsstofu fellur úr gildi án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að það nær 70 ára aldri.

Ef starfskraftur hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirboðara síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið undir áhrifum vímuefna í starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ámælisverðar skal hlutaðeigandi að jafnaði gefinn kostur á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur af þeim sökum. Það á þó ekki við ef um er að ræða trúnaðarrest, alvarlegt trúnaðarbrot eða alvarlegt brot á lögum, reglum og samningum, sem ber að virða við rækslu starfa hjá kirkjunni.

9. gr.

10. gr. starfsreglnanna verður 11. gr.

III. KAFLI

Breyting á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingu.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar vera á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embætta“ í staflið i kemur: prestsstarfa.
- b. Í stað orðsins „embætti“ í staflið ii kemur: prestsþjónustu.

11. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskup Íslands ákveður hvar veita skuli prestsþjónustu meðal íslenskra ríkisborgara erlendis á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar kirkjupings.

12. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Heimilt er að ákvarða og greiða starfskostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi prestur starfar.

13. gr.

Í stað orðsins „prestsembættið“ í 2. másl. 8. gr. starfsreglnanna kemur: prestsþjónustan.

14. gr.

Í stað orðsins „Biskupsstofa“ í 2. másl. 2. mgr. 9. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

IV. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

15. gr.

Stafliður e) í 1. gr. starfsreglnanna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „Fjárhagsáætlun“ í 2. mgr. kemur: Tillögu að fjárlögum.
- b. Í stað orðsins „ályktunar“ í 2. mgr. kemur: samþykktar.
- c. 3. mgr. fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

- a. 4. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „embætti“ í 5. mgr. kemur: skrifstofu.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

- a. Við 1. mgr. bætast orðin: á grundvelli samþykktra fjárlaga kirkjuþings.
- b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðstöfun fjárins skal vera á grundvelli samþykktra fjárlaga kirkjuþings.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðstöfun fjárins skal vera á grundvelli samþykktra fjárlaga kirkjuþings.
- d. Orðið „kirkjumálasjóðs“ í 4. mgr. fellur brott.

19. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráð fer með stjórn sjóða þar sem svo er mælt fyrir um í skipulagsskrá eða samþæringum heimildum.

20. gr.

9. gr. starfsreglnanna fellur brott.

21. gr.

Í stað orðsins „stjórnsýslukæru“ í staflið f) í fyrri málsgrein 15. gr. starfsreglnanna kemur: kæru.

22. gr.

21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskupar sitja fundi kirkjuráðs þegar störf þeirra eru á dagskrá ráðsins eða þegar sérstök málefni vígslubiskupsstólanna eru rædd þar.

VI. KAFLI

Starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu.

23. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 16. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Ef kirkjuþingsmaður missir kjörgengi sitt, andast á kjörtímabilinu, flyst úr kjördæminu eða forfallast tímabundið eða varanlega, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðanna „embættismenn í föstu, launuðu starfi hjá Þjóðkirkjunni“ í 2. mgr. kemur: starfsmenn í föstu, launuðu starfi hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.
- b. 6. mgr. fellur brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „þjóðkirkjunni“ í 3. mgr. kemur: Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.
- b. 6. mgr. fellur brott.

26. gr.

7. mgr. 20. gr. starfsreglnanna fellur brott.

VII. KAFLI

Starfsreglur um kosningu biskups Íslanda og vígslubiskupa nr. 333/2017.

27. gr.

Í stað orðanna „embættis“ og „prestsembætti“ í 1. gr. starfsreglnanna kemur: starfs- og prestsþjónustu.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðanna „það embætti“ í 4. mgr. kemur: þá prestsþjónustu.
- b. Í stað orðanna „val og veitingu prestsembætta“ í 8. mgr. kemur: ráðningu í prests-störf og starfslok.

VIII. KAFLI

Starfsreglur um presta nr. 1110/2011, með síðari breytingu.

29. gr.

Í stað orðsins „prestsembættið“ í fyrri málslið 1. gr. starfsreglnanna kemur: Prestsþjónustan.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embætti“ í fyrri málslið 1. mgr. kemur: prestsþjónustu.
- b. Í stað orðanna „embættisrekstur sinn“ í 3. mgr. kemur: prestsþjónustu sína.
- c. Í stað orðsins „embættisbækur“ í fyrri málslið 7. mgr. kemur: prestsþjónustubækur.
- d. Í stað orðsins „embættisins“ í fyrri málslið 7. mgr. kemur: prestsþjónustunnar.

31. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 2. mgr. 4. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfi.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „embættisbækur“ í staflið d) kemur: prestsþjónustubækur.
- b. Í stað orðsins „embættisins“ í staflið d) kemur: prestsþjónustunnar.

33. gr.

9. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sóknarprestur ber ábyrgð á færslu prestsþjónustubóka prestakallsins og skil á skýrslum úr prestsþjónustubókum til biskups og Þjóðskrár Íslands.

34. gr.

Í stað orðsins „embættisins“ í staflið a) í 12. gr. starfsreglnanna kemur: prestsþjónustunnar.

IX. KAFLI

Starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

35. gr.

Í stað orðanna „kirkjumálasjóðs“ og „kirkjumálasjóður“ í 2., 3., 4., 6., 9., 10., 11., 14., 15., 18., 20., 21. og 23. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa í viðeigandi beygingarfalli.

36. gr.

Í stað orðsins „embættis“ í 2. másl. 11. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfs.

37. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í síðari málslið 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarf.

38. gr.

Í stað orðsins „embætti“ í 1. og 2. mgr. 15. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfi.

39. gr.

19. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuráði er heimilt að undanskilja hluta prestsseturs, þegar laust prestsstarf sem prestssetur fylgir er auglýst. Skal það koma fram í auglýsingu um hið lausa prestsstarf.

40. gr.

Í stað orðsins „embættis“ í 2. mgr. 21. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfs.

41. gr.

Í stað orðsins „embætti“ í 2. mgr. 22. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfi.

42. gr.

3. og 4. málsliðir fyrri málsgreinar 23. starfsreglnanna orðast svo:

Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu sem nemur fjórum einingum á mánuði. Verð hvernar einingar er ákveðið árlega í fjárlögum kirkjuþings.

X. KAFLI

Starfsreglur um prófasta nr. 966/2006, með síðari breytingum.

43. gr.

Í stað orðsins „prófastsembætti“ í 3. mgr. 2. gr. starfsreglnanna kemur: prófastsstarfi.

44. gr.

Í stað orðanna „prestsembætti“ og „embætti“ í 3. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfi.

45. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 4. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarfi.

46. gr.

Í stað orðsins „prófastsembætti“ í 1. mgr. 5. gr. starfsreglnanna kemur: prófastsstarfi.

47. gr.

Í stað orðsins „embættisfærslum“ í 7. gr. starfsreglnanna kemur: störfum.

48. gr.

Í stað orðsins „embættisbækur“ í 5. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: bækur.

49. gr.

Í stað orðanna „val og veitingu prestsembætta“ í 10. gr. starfsreglnanna kemur: ráðningu í prestsstörf og starfslok.

50. gr.

15. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prófastur setur nýja presta í prestsstarf og afhendir þeim prestsþjónustubækur og gögn að boði biskups.

51. gr.

Í stað orðsins „Ríkisendurskoðunar“ í 2. mgr. 17. gr. starfsreglnanna kemur: kjörinna endurskoðenda.

52. gr.

Orðið „embættismönnum“ í 1. málsl. 29. gr. starfsreglnanna fellur brott.

53. gr.

Í stað orðsins „embættisskýrslum“ í 30. gr. starfsreglnanna kemur: starfsskýrslum.

54. gr.

Í stað orðanna „embætti“ í 33. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarf.

XI. KAFLI

Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1111/2018.

55. gr.

2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem kirkjuráð fjallar um og leggur fram í fjárlagatillögum fyrir kirkjuþing.

56. gr.

4. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XII. KAFLI

Starfsreglur um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka nr. 824/1999, með síðari breytingum.

57. gr.

1. mgr. 2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Einungis þeir sem uppfylla skilyrði laga og starfsreglna um tímabundna eða ótímabundna ráðningu í prestsstarf innan Þjóðkirkjunnar geta gegnt starfi samkvæmt 1. gr.

XIII. KAFLI

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

58. gr.

Í stað orðanna „embættiskostnað“ og „rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa“ í 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: starfskostnað; og starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

59. gr.

Í stað orðsins „embætti“ í 1. másl. fyrri málsgreinar 26. gr. starfsreglnanna kemur: starf.

XIV. KAFLI

Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar nr. 730/1998, með síðari breytingum.

60. gr.

2. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar starfslok starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

61. gr.

Í stað orðsins „embættisfærslu“ í 3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna kemur: starf.

62. gr.

Í stað orðsins „Kirkjumálasjóður“ í 2. másl. 19. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

63. gr.

Í stað orðsins „kirkjumálasjóður“ í 2. mgr. 34. gr. starfsreglnanna kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

64. gr.

36. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XV. KAFLI

Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.

65. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Vígslubiskupi ber að rækja starf sitt á grundvelli fjárlaga kirkjuþings.

66. gr.

Orðið „embættismönnum“ í fyrri málsgrein 7. gr. starfsreglnanna fellur brott.

XVI. KAFLI

Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum.

67. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 2. mgr. 4. gr. starfsreglnanna kemur: prestsstarf.

XVII. KAFLI

Gildistaka.

68. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Framtíðarnefnd kirkjunnar, sú sem aukakirkjuþing 2019 samþykkti að skipuð yrði, hefur farið yfir allar gildandi starfsreglur þjóðkirkjunnar. Tilgangur þessa er að samræma starfsreglurnar nýjum viðbótarsamningi þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins frá 6. september 2019 og lögum, nr. 153/2019 um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Vegna viðbótarsamningsins urðu enn fremur breytingar á ýmsum lögum með lögum nr. 95/2020, svo sem frekari breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970, lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987 og lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Með lögum, nr. 95/2020, voru lög um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993, felld úr gildi, sbr. 2. mgr. 9. gr. laganna.

Sérstaklega má tiltaka að með 1. gr. laga nr. 95/2020 féll brott 4. mgr. 26. gr. laga nr. 78/1997, svohljóðandi: „Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 59. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.“

Af þeirri breytingu leiðir að rétt er að fella brott í starfsreglum kirkjuþings samsvarandi ákvæði sem vísa til stjórnsýslulaga hvað varðar málsmeðferð þar sem þau lög gilda ekki lengur almennt um starfsemi kirkjunnar. Þó er þykir rétt, að svo stöddu, að haldið sé óbreyttum ákvæðum í starfsreglum þar sem vísað er til hæfisreglna stjórnsýslulaga, t.d. um prófasta, kjörnefndir og sóknarnefndir.

Hvað varðar framangreindan viðbótarsamning og aukakirkjuþingið verða hér gefnar nánari skýringar á samningnum og lagabreytingum sem honum fylgdu. Á 58. kirkjuþingi 2019, - aukakirkjuþingi - sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um

kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019.

Með viðbótarsamningnum fellur síðarnefndi samningurinn frá 4. september 1998 úr gildi en samkomulagið frá 1997 verður áfram í gildi, sbr. þó þær breytingar sem felast í hinum nýja viðbótarsamningi.

Í samningnum felast nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað var um í fyrri samningum aðila. Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda framkvæmd fjárhagslegra greiðslna ríkisins við þjóðkirkjuna á grundvelli framangreindra samninga. Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum. Til að ná þeim markmiðum sem viðbótarsamningurinn felur í sér undirrituðu sömu aðilar einnig viljayfirlýsingu þar sem stefnt er að ákveðnum lagabreytingum í þeim tilgangi að einfalda frekar allt lagaumhverfi um fjárhagsleg tengsl íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar og á þeim greiðslum sem kirkjan fær samkvæmt samningnum úr ríkissjóði.

Í 7. gr. viðbótarsamningsins er tekið fram að dómsmálaráðherra skuli „... leggja fram frumvarp til laga á Alþingi, er feli í sér breytingu á V. kafla laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, á 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til samræmis við samning þennan, til að tryggja að efnisatriði hans öðlist lagagildi.“

Í samræmi við þetta lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um ofangreint á 150. lög-gjafarþingi 2019 – 2020. Frumvarpið var samþykkt, með smávægilegum breytingum, sem lög frá Alþingi 17. desember 2019 og eftir staðfestingu forseta Íslands var það birt í Stjórnartíðindum sem lög nr. 153 23. desember 2019. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2020. Meginverkefni kirkjuþings 2019 í seinni þinglotunni, sem áttu að handa í mars 2020 en var frestað fram í september 2020, er að setja starfsreglur í stað þeirra lagaákvæða sem brott falla samkvæmt lögnum. Felst einkum í því að setja starfsreglur um réttindi og skyldur tiltekinn starfskrafta þjóðkirkjunnar, um málsmeðferð við ákvörðun kjara þeirra, sem nú taka laun samkvæmt úrskurði kjararáðs, um aðlögun ýmissa starfsreglna að breytingunum, um málsmeðferð varðandi gerð árlegra fjárlaga kirkjuþings og jafnframt að setja gjaldskrá kirkjuþings vegna aukaverka presta. Starfsreglurnar og gjaldskráin hefðu þurft að öðlast gildi eigi síðar en 1. apríl 2020. Framangreind gjaldskrá átti að koma í stað gjaldskrár um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, sem sett var með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum og sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda. Þar sem framhaldskirkjuþing frestaðist fram í september 2020, var með 3. gr. laga nr. 95/2020, sett ákvæði til bráðabirgða XIII í lög nr. 78/1997, sem heimilaði kirkjuráði, með samþykki forseta kirkjuþings, að setja þjóðkirkjunni nýja gjaldskrá. Með undirritun forseta kirkjuráðs og kirkjuþings var birt í B-deild Stjórnartíðinda 29. júlí 2020 gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 753/2020. Þessi heimild forset-

anna til undirritunar gjaldskrár nær enn fremur til starfsreglna, ef þurfa þykir, til 1. janúar 2021 en fellur þá úr gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr. bráðabirgðaákvæðisins.

Í samræmi við framangreindan viðbótarsamning og áður nefnd lög nr. 153/2019, féllu brott 1. janúar 2020, ákvæði laga um um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir nefnd stml.) hvað varðar það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem tilgreint var í 1. mgr. 61. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og sem var í starfi 31. desember 2019. Um er að ræða starfsfólk biskupsstofu og þá presta þjóðkirkjunnar sem voru skipaðir eða settir til starfa af biskupi Íslands (áður ráðherra). Ákvæði laganna giltu þó, eins og við gat átt, til 31. mars 2020. Framangreint starfsfólk teljast frá gildistöku laganna ekki lengur til opinberra starfsmanna.

Þá skal nefnt að breytingar á starfsreglunum felast m.a. í orðalagsbreytingum þar sem eftirfarandi orð breytast; „embætti“ breytist í „starf“ eða „prestþjónustu“ þar sem það á við, „prestsembætti“ í „prestsstarf“, „embættisbækur“ í „prestþjónustubækur“, „embættisskýrslur“ í „starfsskýrslur“ og „embættisskipti“ breytist í „starfaskipti“. „Prófastsembætti“ breytist í „prófastsstarf“. Fallið er frá því að nota hugtakið „embættisgengi“ en þess í stað talað um að uppfylla skilyrði laga og starfsreglna um ráðningu í prestsstarf innan þjóðkirkjunnar. Einnig breyttist orðið „embættisfærslur“ í „störf“. Ekki er lengur „skipað í embætti“ en í þess stað er „ráðið í störf. Orðið „embættismönnum“ fellur niður.

„Biskupsstofa“ breytist í „Þjóðkirkjan-Biskupsstofa“, „biskup“ eða „biskup Íslands“, eftir því sem við á.

Starfsreglur sem vísa í ákveðna sjóði, sem ekki munu verða til eftir lagabreytingar um sjóðina vísa, frá og með þessum breytingum, í fjárlög kirkjupings og fjárhagsáætlanir tengdar fjárlögum.

Í nokkrum tilvikum þykir glegggra að skipta alveg út tilteknum ákvæðum og setja inn ný ákvæði í heild sinni í stað þess að breyta einstökum orðum innan ákvæðisins.

Þá eru, í einstökum tilvikum, gerðar lagfæringar á orðalagi starfsreglna til að gera það skýrara og glegggra og eins ef leiðrétt þarf orðalag.

Settar eru fram tillögur að breyttum reglum um starfslok. Í fyrsta lagi er lagt til að sú regla starfsmannalaga haldist óbreytt að ráðning starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, bæði vígðra og annarra, falli úr gildi án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð. Einnig er lagt til að í starfsreglunum komi ákvæði starfsmannalaga um starfslok af öðrum ástæðum, eins og við getur átt. Í stað þess að um formlega áminningu sé að ræða þykir þó fara betur á því að orða það svo að starfsfólk skuli eiga þess kost að bæta ráð sitt. Þá þykir rétt að tiltekin háttsemi, sem greind er í tillögunni, geti leitt til uppsagnar án möguleika starfsmanns til að bæta ráð sitt, svo sem ef um er að ræða trúnaðarrest, alvarlegt trúnaðarbrot eða alvarlegt brot á lögum, reglum og samningum, sem ber að virða við rækslu starfa hjá kirkjunni.

Þeir prestar sem voru skipaðir til prestsembætta fyrir 1. janúar 2020, halda þeim réttindum og skyldum sem af skipun þeirra leiðir út skipunartímann. Um starfslok þeirra fer því eftir efnisákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, þangað til skipunartíminn rennur út.

Í greinargerð þessari verður almennt ekki fjallað nánar um þær greinar tillagnanna sem fela aðeins í sér áðurgreindar breytingar. Eins verða samliggjandi greinar, sem eru breyttar af sömu ástæðu, t.d. vegna lagabreytinga, útskýrðar í einu lagi.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. og 2. gr.

Í 13. gr. starfsreglna um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar er lagt til að biskup Íslands ákvarði þóknun teymis kirkjunnar í stað þóknananefndar kirkjunnar. Hvað varðar rökstuðning þessa vísast til tillögu um breytingu á 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings, sbr. umfjöllun í greinargerð og um 4. gr. þar.

Í 14. og 15. gr. starfsreglna um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar, er fjallað um greiðslur á kostnaði sem skuli greiðast úr kirkjumálasjóði. Rétt er að fella ákvæðin niður en kostnaður mun nú greiðast frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu og verður gert ráð fyrir því í fjárlögum kirkjuþings ár hvert, í samræmi við væntanlegar starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Um 3. og 4. gr.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á stöðu biskupsstofu – (nú Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu) til aukins sjálfstæðis, er rétt að fella niður ákvæði sem vísa til opinberrar þjónustu.

Um 5. gr.

Kirkjuþing ber nú ábyrgð á fjármálum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og því er starfs- og fjárhagsáætlun lögð fyrir kirkjuþing og ber síðan að starfa eftir samþykktum fjárlögum kirkjuþings.

Um 6. gr.

Lagt er til að í starfsreglurnar komi ákvæði um að laus störf á biskupsstofu, verði auglýst á vef kirkjunnar eins og verið hefur, en ekki er lengur lögskylt að auglýsa störf hjá stofunni opinberlega. Einnig er lagt til að biskup setji almenn viðmið um almennar hæfniskröfur starfsmanna. Þá er lagt til að tekin verði upp skimun á umsækjendum um starf hjá biskupsstofu eins og tíðkast hefur um störf presta og starfsmanna sókna, þ.e. þegar viðkomandi kann að þurfa að starfa með börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um 7. gr.

Lagt er til að ákvæði þessi, sem voru í 8. gr. starfsreglna um biskupsstofu verði færð í 9. gr. starfsreglnanna, samhengis vegna.

Um 8. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan.

Um 9.-10. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Rétt er að kirkjuþing ákvarði í fjárlögum hverju sinni fjárheimildir til prestsþjónustu meðal íslenskra ríkisborgara erlendis í stað þess að skilgreina slíkt nákvæmlega í almennum starfsreglum.

Um 12.-14. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 15 . gr.

Hugtakið „höfuðkirkja“ er hvorki notað í lögum né reglugerðum. Það hefur hins vegar í framkvæmd verið notað um þær kirkjur sem tilgreindar eru í 2. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991. Um er að ræða Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Skálholtsdómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hallgrímskirkju í Saurbæ. Með breytingum á lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, sbr. 6. gr. laga nr. 95/2020, var Jöfnunarsjóður sókna lagður niður og verður sjóðurinn þá í reynd hluti af fjárlögum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Vegna niðurfellingar sjóðsins úr lögnum féll vitaskuld reglugerð nr. 206/1991 enn fremur úr gildi. Er því rétt að fella vísun til hennar einnig niður í starfsreglum kirkjuþings.

Um 16.-21. gr.

Ákvæðin fela í sér aðlögun að þeirri nýju skipan mála að kirkjuþing samþykkir nú fjárlög kirkjunnar fyrir Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu og taka þau fjárlög einnig til þeirra sjóða sem nefndir eru í almennum kafla greinargerðar þessarar hér að framan.

Um 22.-67. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 68. gr.

Lagt er til að tillögur þessar að starfsreglum öðlist gildi við birtingu.